

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 föstudaginn 24. janúar 2025, Strandgötu 31 Akureyri

Mættir stjórnarmenn: Ármann Örn Gunnlaugsson, Edda Hrund Skagfield Guðmundsdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Sara Sigmundsdóttir og Þorbjörg Jóhannsdóttir varamaður. Viggó Jónsson formaður, Katrín M. Guðjónsdóttir, Örn Arnarson og Tómas Árdal varamaður tóku þátt á Teams
Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri og Hjalti Páll Þórarinsson.

Formaður setti fund og fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

Dagskrá:

1 Starfsáætlun

Framkvæmdastjóri kynnti starfsáætlun fyrir árið 2025.

Stjórn fagnar því hversu mikið af verkefnum er í gangi. *Stjórn samþykkir starfsáætlunina.*

2 Rekstraráætlun

Framkvæmdastjóri lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2025.

Umræður. *Stjórn samþykkir rekstraráætlunina.*

3 Flugverkefni

Hjalti fór yfir stöðu flugmála, þar á meðal samskipti við flugfélög og ferðaskrifstofur, ásamt því að fara yfir hvaða ferðasýningar, FAM ferðir og blaðamannaferðir eru framundan. Þar er helst að nefna:

- SummerEvent á vegum Voigt Travel í Hollandi 26. janúar (neytendasýning)
- Ferðasýningin Mid-Atlantic í Reykjavík 31. janúar
- Mid-Atlantic post-tour – FAM ferð til Akureyrar 1. febrúar
- 2 blaðamannaferðir til Norðurlands 1.-3. febrúar í tengslum við Mid-Atlantic og Icelandair
- Blaðamenn frá Bretlandi seinnipart febrúar
- Ferðsýningin ITB í Þýskalandi í byrjun mars
- Blaðamenn frá Hollandi í byrjun mars
- 2 stórar FAM ferðir í lok mars í samtarfi við ferðaskrifstofur í Bretlandi

Þessu til viðbótar er MN að standa fyrir, í samstarfi við Austurbrú og Íslandsstofu (Nature Direct verkefni), vinnustofum í London og Manchester 2. og 3. apríl n.k. Fyrirtækjum á Norður- og Austurlandi gefst þar tækifæri á að hitta ferðasöluaðila í Bretlandi og kynna betur sitt vöruframboð á áfangastaðinn í heild.

Aðrar fréttir af flugi:

- easyJet – Tvöfalt meira framboð á flugi til Bretlands en síðasta vetur. Nýtingin ekki alveg jafn góð, en þó ásættanleg. Nýtingarhlutfall þarf þó að aukast áfram til að tryggja að flugið haldi áfram. Íslendingar um helmingur farþega.
- Voigt Travel – leiguflug þeirra í vetur að hefjast á morgun. Salan ekki eins góð og þau hefðu viljað, en þó svipuð og í fyrra. Þau finna verulega fyrir skorti á neytendamarkaðssetningu á Íslandi, Noregur algjörlega að trompa Ísland þar.
- Kontiki – leiguflug þeirra í vetur hefst í byrjun febrúar. Salan nokkuð góð og þau bjartsýn fyrir tímabilið.
- Edelweiss er að undurbúa áætlunarflug frá Zurich til Akureyrar þriðja sumarið í röð. Flugði er nú á föstudagsmorgnum og flogið verður þríhyrningsflug frá Zurich til Keflavíkur, svo til Akureyrar og svo aftur til Zurich.

4 Önnur mál

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir verkefni í aðgerðaáætlun stjórnvalda fyrir ferðaþjónustu, þar sem Markaðsstofur landshlutanna eru nefndar sem hagsmunaaðili en hafa ekki fengið næga aðkomu að viðkomandi verkefnum.

Stjórn leggur til að landshlutasamtök og áfangastaðastofur utan höfuðborgarsvæðisins geri sameiginlega áskorun til stjórnvalda um að vera sérstaklega vakandi fyrir því að landsbyggðirnar eigi aðkomu að málefnum er þær varðar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir erindi frá SAF þar sem óskað er eftir upplýsingum frá ferðaþjónustunni á Norðurlandi, annars vegar varðandi eignarhald á vinsælum áfangastöðum ferðamanna á Norðurlandi m.t.t. umræðu um gjaldtöku. Hins vegar varðandi vetrarþjónustu (snjósmokstur) að vinsælum áfangastöðum ferðamanna á Norðurlandi. MN hefur gert drög að skýrslu um þessi mál, sem kynnt var fyrir stjórn.

Umræða um hugmyndir um gjaldtöku í ferðaþjónustu og hvernig er best að háttta fyrsta samtali um það.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að skýrsla um Norðurhjaraverkefnið væri nú orðin aðgengileg á heimasíðu MN.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:25

Fundarritari HPP